

TÆKNIPRÓUNARSJÓÐUR

Úthlutun til nýrra verkefna haust 2023

SAMANTEKT ÚTHLUTUNAR NÝRRRA STYRKJA ÚR TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐI HAUSTMISSERI 2023

Tækniþróunarsjóður bauð upp á sex styrktarflokka á haustmisseri: Fræ, Sproti, Vöxtur, Sprettur, Markaðspróun og Markaðssókn.

Heildarfjöldi umsókna

Alls bárust sjóðnum 349 umsóknir og ákvað stjórn sjóðsins að ganga til samninga við 79 verkefni fyrir rúmlega 1,5 milljarð króna. Stuðningur sjóðsins til verkefnanna getur verið frá einu ári til allt að tveggja ára. Árangurshlutfall styrktra verkefna af heildarfjölda umsókna er 23%.

Tafla I. Fjöldi umsókna og styrkja

| Styrktarflokkur | Sótt | Veitt | Árangurshlutfall(%) |
|-----------------|------------|-----------|---------------------|
| Fræ | 100 | 24 | 24% |
| Sproti | 121 | 24 | 20% |
| Vöxtur | 80 | 18 | 23% |
| Markaðssókn | 27 | 7 | 26% |
| Markaðspróun | 21 | 6 | 29% |
| Alls | 349 | 79 | 23% |

Kynjaskipting*

Í umsóknum voru 155 karlar (62%) og 94 konur (38%) skráðar verkefnisstjórar. Alls eru 29 karlar verkefnisstjórar í styrktum verkefnum (53%) og 26 konur (47%). Árangurshlutfall kvenna er töluvert hærra en karla eða 28% á móti 19%.

*Fræ verkefni undanskilin

Tafla II. Kynjahlutfall verkefnisstjóra í umsóknum

| Styrktarflokkur | KK | | | KVK | | |
|-----------------|------------|-----------|---------------------|-----------|-----------|---------------------|
| | Sótt | Veitt | Árangurshlutfall(%) | Sótt | Veitt | Árangurshlutfall(%) |
| Sproti | 82 | 13 | 16% | 39 | 11 | 28% |
| Vöxtur | 50 | 10 | 20% | 30 | 8 | 27% |
| Markaðspróun | 10 | 3 | 30% | 11 | 3 | 27% |
| Markaðssókn | 13 | 3 | 23% | 14 | 4 | 29% |
| Alls | 155 | 29 | 19% | 94 | 26 | 28% |

Tafla III. Kynjahlutfall lykilaðila í umsóknum

| | Karl | Kona | Kynsegin |
|------------------|------|------|----------|
| Verkefnisstjóri | 53% | 47% | 0% |
| Framkvæmdastjóri | 60% | 40% | 0% |
| Stjórn | 66% | 34% | 0% |
| Frumkvöðlar | 66% | 34% | 0% |

Landshlutagreining verkefna*

Af 249 umsóknum bárust 91% frá höfuðborgarsvæðinu og 9% utan þess. Alls voru 55 (89%) verkefni af höfuðborgarsvæðinu styrkt og 6 (11%) utan þess. Á síðasta ári var hlutfallið 85% á höfuðborgarsvæði og 15% utan þess. Árangurshlutfall styrktarflokka eftir landshlutum má sjá í töflu VI.

*Fræ verkefni undanskilin

Tafla IV. Fjöldi umsókna eftir landshlutum*

| Styrktarflokkur | HB | VL | NV | NE | VF | AL | SL | SN | Alls |
|-----------------|------------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|------------|
| Sproti | 109 | | 2 | 6 | | 1 | 1 | 2 | 121 |
| Vöxtur | 73 | 2 | 1 | 1 | | | 1 | 2 | 80 |
| Markaðssókn | 26 | | | | | | | 1 | 27 |
| Markaðspróun | 19 | | | | | | 1 | 1 | 21 |
| Alls | 227 | 2 | 3 | 7 | 0 | 1 | 3 | 6 | 249 |

Tafla V. Fjöldi styrkja eftir landshlutum*

| Styrktarflokkur | HB | VL | NV | NE | VF | AL | SL | SN | Alls |
|-----------------|-----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|-----------|
| Sproti | 21 | | | 1 | | 1 | | 1 | 24 |
| Vöxtur | 17 | | | | | | 1 | | 18 |
| Markaðssókn | 6 | | | | | | | 1 | 7 |
| Markaðspróun | 5 | | | | | | | 1 | 6 |
| Alls | 49 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 3 | 55 |

Tafla VI. Árangurshlutfall eftir landshlutum*


| Styrktarflokkur | HB | VL | NV | NE | VF | AL | SL | SN | Alls |
|-----------------|------------|----|----|------------|----|-------------|------------|------------|------------|
| Sproti | 19% | | | 17% | | 100% | | | 20% |
| Vöxtur | 23% | | | | | | 100% | | 23% |
| Markaðssókn | 23% | | | | | | | 100% | 26% |
| Markaðspróun | 26% | | | | | | | 100% | 29% |
| Alls | 22% | | | 17% | | 100% | 33% | 50% | 22% |

* HB-Höfuðborgarsvæðið, VL-Vesturland, NV-Norðurland vestra, NE-Norðurland eystra, VF-Vestfirðir, AL-Austurland, SL-Suðurland og SN-Suðurnes.

Atvinnuflokkaskipting verkefna

Á Mynd I er yfirlit yfir skiptingu á fjölda umsókna (blár) og veittra styrkja (rauður) eftir atvinnuflokkum Rannís.

Mynd I. Atvinnuflokkar verkefna – sótt og veitt



Skýringar við greiningu

Tölurnar sem birtar eru í skýrslunni eru dregnar út úr umsóknagagnagrunni Rannís. Greiningin er birt með fyrirvara um að þar kunnist að leynast villur.